

## Látnir með lögheimili erlendis 1999–2008

### *Non-residential deaths in Iceland 1999–2008*

*Samantekt* Á árunum 1999–2008 létust 129 einstaklingar á Íslandi sem áttu lögheimili erlendis. Tæplega helmingur þeirra var erlendir ferðamenn, alls 50. Í loft- eða landhelgi dó 21 og sami fjöldi einstaklinga á utangarðsskrá. Þar að auki létust 19 íslenskir ríkisborgarar sem áttu lögheimili erlendis og 18 aðrir og óþekktir.

Flestir þeirra sem dóu á Íslandi án þess að eiga hér lögheimili létust af ytri orsökum, alls 58. Hlutfall látinna af þeim orsökum var lægst meðal íslenskra ríkisborgara búsettra erlendis en hæst meðal þeirra sem voru á utangarðsskrá. Þessar upplýsingar hefur Hagstofa Íslands ekki áður birt.

### Inngangur

Hagstofa Íslands fær dánarvottorð allra þeirra einstaklinga sem látast á Íslandi hvort sem viðkomandi á lögheimili á landinu eða ekki. Fyrstu lög sem skylduðu lækna á Íslandi til að gefa út dánarvottorð vegna allra látinna einstaklinga voru sett árið 1950 en löngu fyrr var byrjað að gefa út dánarvottorð. Elstu vottorðin sem eru varðveitt á Hagstofunni eru frá árinu 1911. Núgildandi lög um dánarvottorð eru frá árinu 1998.<sup>1</sup>

Upplýsingar úr dánarvottorðum eru skráðar í rafrænan gagnagrunn. Verklag við útgáfu heilbrigðistöflfræði á alþjóðavísu er samræmt og þá um leið til hvaða upplýsinga hún nær. Á hverju ári berast Hagstofu Íslands vottorð sem eru gefin út vegna einstaklinga sem látast á Íslandi en eiga hér ekki lögheimili. Þessi dánarvottorð eru um 0,5–1,0% af öllum dánarvottorðum en hafa til þessa ekki verið tekin saman til birtingar.

Ýmsir aðilar hérlendis afla og birta upplýsingar um dánartölur og þá einkum vegna þeirra sem látast af ytri orsökum. Auk þess er vaxandi áhugi innan Evrópu á að hafa samvinnu um öflun dánarskýrsla um fólk sem deyr í hverju landi en er búsett utan þess. Hagstofan hefur tekið saman þetta Hagtíðindahefti á grundvelli þeirra gagna sem stofnuninni berast.

Efnistökin eru í stuttu máli þau að þeim sem látist hafa á Íslandi en áttu ekki lögheimili hér við andlát er skipt í fimm flokka eftir því hvert tilefni dvalar þeirra í landinu var. Í fyrsta kafla umfjöllunarinnar er dregið saman yfirlit yfir einkenni og dánarorsakir einstaklinganna í heild, en síðan er fjallað um hvern hóp fyrir sig.

<sup>1</sup> Lög um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998.



Látnum einstaklingum var skipt í fimm flokka:<sup>1</sup>


- Erlendir ferðamenn.
- Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis.
- Látnir í loft- eða landhelgi.
- Látnir einstaklingar skráðir í utangarðsskrá þjóðskrár.
- Aðrir og óþekktir.

## Niðurstöður

Hagstofu Íslands berast árlega 10 til 20 dánarvottorð einstaklinga sem deyja á Íslandi en eiga lögheimili erlendis, eða um og innan við 1% allra íslenskra dánarvottorða. Á tímabilinu 1999–2008 bárust Hagstofunni alls 129 dánarvottorð vegna einstaklinga sem létust á Íslandi en höfðu búsetu eða lögheimili erlendis.

### Mynd 1. Árlegur fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir kyni 1999–2008

Figure 1. Annual deaths of persons in Iceland with foreign domicile by sex 1999–2008




<sup>1</sup> Sex nýburar fengu flokkun móður sinnar.

Fjöldmennasti hópurinn er erlendir ferðamenn eða tæplega helmingur allra dáianna.

**Mynd 2. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir hópum 1999–2008**


Figure 2. Deaths of persons in Iceland with foreign domicile by group 1999–2008



Aldursdreifing var nokkuð jöfn meðal þeirra sem voru 20 ára eða eldri við andlát.

**Mynd 3. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir kyni og aldri 1999–2008**

Figure 3. Deaths of persons in Iceland with foreign domicile by sex and age 1999–2008



## Dánarorsakir


### Flestir létust af ytri orsökum

Nokkur munur er á dánarmeinum þessa þýðis og þeirra Íslendinga sem létust erlendis á sama tíma en áttu lögheimili á Íslandi. Flestir þeirra sem áttu lögheimili erlendis létust af ytri orsökum eða 44,9%, en á sama tíma dóu 11% þeirra sem létust erlendis en áttu lögheimili á Íslandi af sömu orsökum (sjá töflu 1). Allar upplýsingar um dánartíðni og dánarmein þeirra sem dóu á Íslandi og voru með lögheimili þar er að finna á heimasíðu Hagstofunnar.<sup>1</sup> Meðalaldur allra látinna með lögheimili erlendis var 48,4 ár.

Flestir þeirra sem létust á árunum 1999–2008 dóu af ytri orsökum en skiptingin milli hjarta- og æðasjúkdóma og annarra sjúkdóma var nokkuð jöfn.

### Mynd 4. Látinir á Íslandi með erlent lögheimili eftir dánarorsök 1999–2008

Figure 4. Deaths of persons in Iceland with foreign domicile by causes of death 1999–2008




Alls létust 58 einstaklingar af ytri orsökum árin 1999–2008, flestir í flutninga-óhöppum en alls fórust 18 manns í umferðaslysum. Næst flestir féllu fyrir eigin hendi, 11 einstaklingar.

Eins og sést á mynd 5 eru dánarorsakir nokkuð mismunandi milli hópa. Hlutfall látinna af ytri orsökum er hæst meðal þeirra sem voru á utangarðsskrá en lægst meðal þeirra sem höfðu íslenskan ríkisborgararétt. Nánari greining er í töflu 2.

<sup>1</sup> Vefur Hagstofu Íslands: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

### Mynd 5. Látnir á Íslandi með erlent lögheimili eftir dánarorsök og hópum 1999–2008

Figure 5. Deaths of persons in Iceland with foreign domicile by causes of death and groups 1999–2008



**Skýringar** Notes: (1) Látnir á utangarðsskrá Deaths in the Register of non-residents in Iceland; (2) Erlendis ferðamenn Foreign visitors; (3) Látnir í loft- og landhelgi Death within national air space or seas; (4) Íslenskt ríkisfang Icelandic citizens with foreign domicile; (5) Aðrir og óþekktir Others and unknown.

Eins og áður er komið fram voru flestir þeirra sem létust erlendir ferðamenn en nokkur fjöldi var við vinnu eða í námi á Íslandi, auk annarra sem áður er getið. Það er ekki hægt að reikna út hlutfallslega dánartíðni alls þýðisins þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem dvelja á landinu eða lengd dvalartíma.

Til samanburðar er hér (sjá töflu 1) sá hópur sem helst líkist þýðinu að samsetningu. Það eru þeir sem hafa lögheimili á Íslandi en látast erlendis.

Hlutfall þeirra sem látast af hjarta- og æðasjúkdómum er hærra meðal íslenskra ferðamanna erlendis en erlendra aðila sem látast hér. Aftur á móti eru slyss og aðrar ytri orsakir dánarmeina algengari meðal þeirra sem látast hér á landi en eiga lögheimili erlendis en meðal samanburðarhópsins. Flokkur dánarorsaka sem skráður er „Annað og óþekkt“ er stór fyrir þá sem eiga íslenskt lögheimili en látast erlendis. Það skýrist af því að í rúmum 20% tilvika er engar upplýsingar að hafa erlendis frá um dánarmein þessara einstaklinga.

**Tafla 1. Samanburður á dánarorsökum Íslendinga dáianna erlendis og þeirra sem létust á Íslandi en áttu lögheimili erlendis 1999–2008**

*Table 1. Comparison of causes of death for persons with Icelandic domicile abroad and foreign domicile in Iceland 1999–2008*


Hlutfall Percent	Íslenskt lögheimili, dánir erlendis <i>Icelandic domicile, deaths abroad</i>	Erlent lögheimili, dánir á Íslandi <i>Foreign domicile, deaths in Iceland</i>
Hjarta- og æðsjúkdómar <i>Diseases of the circulatory system</i>	38,0	28,0
Krabbamein <i>Malignant neoplasms</i>	12,0	11,6
Slys og aðrar ytri orsakir dánarmeina <i>External causes of injury and poisoning</i>	11,0	44,9
Annað og óþekkt <i>Other and unknown causes of death</i>	39,0	15,5

**Skýringar** Notes: Flokkurinn „Annað og óþekkt“ er fjölmennur hjá þeim sem látast erlendis en hafa lögheimili hér á landi vegna þess hve algengt er að upplýsingar um dánarmeina fái ekki. *The group „Other and unknown causes of death“ is disproportionately large because often data on causes of death cannot be retrieved.*

Rúmlega helmingur lést á Höfuðborgarsvæðinu en háar dánartölur á Suðurnesjum skýrast einkum af staðsetningu Keflavíkurflugvallar.

**Mynd 6. Látnir á Íslandi með erlent lögheimili eftir landsvæðum 1999–2008**

*Figure 6. Deaths of persons in Iceland with foreign domicile by region 1999–2008*




## Erlendir ferðamenn

Vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna hefur viðkomu á Íslandi en samkvæmt samantekt Ferðamálaráðs<sup>1</sup> hafa samtals 3,3 milljónir manna haft viðkomu á Íslandi síðastliðin 10 ár. Heildarfjöldi ferðamanna náði alls 503 þúsundum árið 2008. Fjölgun gistinátta sýnir einnig sömu þróun.<sup>2</sup> Ferðamönnum sem deyja hér á landi hefur þó ekki fjölgað á sama tímabili.

Á árunum 1999–2008 létust á Íslandi 50 erlendir ferðamenn, 30 karlar og 20 konur. Fjöldi þeirra var breytilegur frá ári til árs eða frá einum upp í níu. Flestir létust árið 2007 eða alls níu manns en átta dóu árið 2002.

### Mynd 7. Árlegur fjöldi látinna erlendra ferðamanna á Íslandi eftir kyni 1999–2008

Figure 7. Annual deaths of foreign visitors in Iceland by sex 1999–2008




<sup>1</sup> Ferðamálastofa: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is). Icelandic Tourist Board: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is).

<sup>2</sup> Hagstofa Íslands: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is). Statistics Iceland: [www.statice.is](http://www.statice.is).

Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem dóu á Íslandi voru um og yfir miðjan aldur en 30 einstaklingar voru 50 ára og eldri, meðalaldur þeirra sem létust var 54,3 ár.

**Mynd 8. Erlendir ferðamenn láttnir á Íslandi eftir kyni og aldri 1999–2008**

Figure 8. Deaths of foreign visitors in Iceland by sex and age 1999–2008




*Erlendum ferðamönnum fjölga en dauðsföllum ekki*

Ferðamenn sem létust á þessu árabili áttu lögheimili víða en ef einstök lönd eru skoðuð þá voru einstaklingar með lögheimili í Þýskalandi fjölmennastir, alls 11, átta karlar og þrjár konur.

**Mynd 9. Hnattræn skipting erlendra ferðamanna sem létust á Íslandi 1999–2008**

Figure 9. Deaths of foreign visitors in Iceland by continent 1999–2008






*Dánarmein erlendra ferðamanna oftast ytri orsakir*

Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem létust á Íslandi á þessu árabili dóu af ytri orsökum, 26 einstaklingar. Dauðsföll vegna hjarta- og æðasjúkdóma komu þar á eftir.

**Mynd 10. Erlendir ferðamenn látnir á Íslandi eftir dánarorsök 1999–2008**

*Figure 10. Deaths of foreign visitors in Iceland by causes of death 1999–2008*




Af þeim 26 sem létust af ytri orsökum fórust 13 í 12 flutningaslysum eða af afleiðingum þeirra. Umferðarslysin urðu á þjóðvegum í öllum landshlutum en auk þess létust tveir ferðamenn í vélsleðaslysum á jöklum.

**Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis**

Á árunum 1999–2008 létust á Íslandi 19 íslenskir ríkisborgarar með erlent lögheimili, 12 karlar og sjö konur. Hugsanlega voru nokkrir þeirra ferðamenn og ekki er útilokað að einhverjir hafi verið í vinnu hér á landi. Árin 2003 og 2006 dóu fjórir hvort ár en hin árin dó annað hvort enginn eða 1–3. Þessi hópur var með hæstan meðalaldur, 55,6 ár.

**Mynd 11. Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis sem létust á Íslandi eftir kyni og aldri 1999–2008**

Figure 11. Deaths in Iceland of Icelandic citizens with foreign domicile by sex and age 1999–2008




*Dánarorsakir íslenskra ríkisborgara með lögheimili erlendis*

Dánarmein þeirra sem höfðu íslenskt ríkisfang en lögheimili erlendis eru mjög ólík dánarmeinum annarra hópa. Flestir létust af krabbameini, 11 einstaklingar, en þeir höfðu allir fengið greiningu erlendis. Fimm dóu úr hjarta- og æðasjúkdómum, tveir dóu vegna annarra veikinda og einn af ytri orsökum.

**Mynd 12. Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis sem létust á Íslandi, eftir dánarorsök 1999–2008**

Figure 12. Deaths in Iceland of Icelandic citizens with foreign domicile by cause of death 1999–2008




## Látnir í loft- eða landhelgi Íslands

Árin 1999–2008 lést 21 einstaklingur með erlent lögheimili í loft- eða landhelgi Íslands, þrjár konur og 18 karlar, af þeim voru fjórir flugfarþegar og tveir fórust þegar flugvél lenti í sjó.

Um borð í skipum eða í sjó á hafinu umhverfis Ísland létust 15 einstaklingar, þar af 11 starfandi sjómenn. Meðalaldur þessa hóps var 51,3 ár.

### Mynd 13. Einstaklingar með erlent lögheimili sem létust í loft- eða landhelgi Íslands, eftir kyni og aldri 1999–2008

Figure 13. Deaths of persons with foreign domicile within national air space or seas of Iceland by sex and age 1999–2008




Meðal þessara einstaklinga voru Danir, Færeyingar, Bretar og Bandaríkjamenn, auk þess menn frá Þýskalandi, Frakklandi, Kanada, Rússlandi, Eþíópíu, Filippseyjum, Indlandi, Japan og Portúgal.

*Dánarorsakir látinna í loft- og landhelgi með lögheimili erlendis*

Nær helmingur þeirra sem létust í loft- og landhelgi dóu af völdum hjarta- og æðasjúkdóma en sjö dóu af ytri orsökum. Fjórir flugfarþegar létust af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.

**Mynd 14. Einstaklingar með erlent lögheimili látnir í loft- eða landhelgi Íslands eftir dánarorsök 1999–2008**

Figure 14. Deaths of persons with foreign domicile within national air space or seas of Iceland by cause of death 1999–2008



Vitað er að fjórir þessara sjómanna voru á erlendum fiskveiðiskipum og einn lést um borð í flutningaskipi. Upplýsingar um önnur skip skortir, en eitt þeirra var skráð á Íslandi.

**Látnir einstaklingar skráðir á utangarðsskrá þjóðskrár**

Í utangarðsskrá þjóðskrár eru skráðir þeir einstaklingar sem bíða eftir dvalarleyfi á Íslandi eða ætla aðeins að dvelja hér skammtan tíma. Þar eru einnig skráðir starfsmenn erlendra sendiráða. Þessir einstaklingar hafa leyfi til búsetu í landinu en ekki lögheimili og njóta því ekki fullra réttinda, eins og t.d. sjúkratrygginga. Þá geta einstaklingar verið á utangarðsskrá ef þeir þurfa að fá kennitölu hér á landi, t.d. vegna viðskipta, án þess að dvelja eða búa í landinu.

Þeir einstaklingar sem voru á utangarðsskrá við andlát höfðu verið þar mislengi, sumir í nokkra daga, aðrir lengur en ár. Ekki er unnt að segja til um hvort þessir einstaklingar dvöldu á Íslandi allan þann tíma sem þeir eru á utangarðsskrá eða hvort þeir komu og fóru á tímabilinu.


Á árabílinu 1999–2008 lést 21 einstaklingur á utangarðsskrá, 19 karlar og tvær konur, meðalaldur þeirra var 38,7 ár. Langflestir, eða 13, voru á aldrinum 20–39 ára. Enginn einstaklingur á utangarðsskrá lést á árabílinu 1999–2001 en árin 2002–2007 létust 1–3 einstaklingar á ári. Árið 2008 létust níu manns úr þessum hópi. Þriðjungur átti lögheimili í Póllandi.

*Dánarorsakir einstaklinga á utangarðsskrá*

Athygli vekur að meðal þeirra sem voru á utangarðsskrá við andlát var kynjahlutfall afar ójafnt, meðalaldur lágur og tíð dauðsföll af ytri orsökum.

**Mynd 15. Einstaklingar á utangarðsskrá látnir á Íslandi eftir kyni og aldri 1999–2008**


*Figure 15. Deaths of persons in the Register of non-residents in Iceland by sex and age 1999–2008*



Í þessum hópi eru hlutfallslega flestir dánir af ytri orsökum, 16 einstaklingar af 21.

**Mynd 16. Einstaklingar á utangarðsskrá látnir á Íslandi, eftir dánarorsök 1999–2008**

*Figure 16. Deaths of persons in the Register of non-residents in Iceland by causes of death 1999–2008*




## Aðrir og óþekktir

Í flokknum „Aðrir og óþekktir“ eru 18 einstaklingar, þar af 10 manns sem ekki falla í hina flokkana og átta einstaklingar sem átta lögheimili á Keflavíkflugvelli. Þess ber að geta að á Keflavíkflugvelli var rekin heilbrigðisstofnun á vegum Bandaríkjamanna og var eingöngu leitað til íslenskra heilbrigðisstofnana ef um mjög sértæk verkefni var að ræða, þar á meðal fyrirburafæðingar. Í hópnunum eru 12 karlar og sex konur; af þeim eru fimm nýburar, þrjár stúlkur og tveir drengir. Meðalaldur látinna var 32,6 ár.

### Mynd 17. Látnir á Íslandi í hópnunum „Aðrir og óþekktir“ eftir aldri og kyni 1999–2008


Figure 17. Deaths in the group „Others and unknown“ in Iceland by age and sex 1999–2008



Hátt hlutfall nýbura skýrir fjölda látinna á aldrinum 0–19 ára.

### Mynd 18. Látnir á Íslandi í hópnunum „Aðrir og óþekktir“ eftir dánarorsök 1999–2008

Figure 18. Deaths in the group „Others and unknown“ in Iceland by causes of death 1999–2008



## Aðferðir og hugtök

*ICD-10* Dánarmeinasráning á Hagstofu er í samræmi við reglur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, fyrir ICD-10, Alþjóðlega tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, auk þess sem hún er undir ytra gæðaeftirliti Norræna skráningarsetursins, „Nordic Centre for Classifications in Health Care“.

*Sama vinnsluferli og vegna andláta innlendra* Dánarvottorð einstaklinga sem andast á Íslandi en eiga lögheimili erlendis hafa ekki verið skráð fyrir en nú. Þau dánarvottorð sem höfðu skilað sér til Hagstofu fyrir árin 1999–2008 voru skráð í sérstakan gagnagrunn og að öllu leyti var staðið að skráningu þeirra, kóðun og yfirferð með sama hætti og um vottorð þeirra sem áttu lögheimili á Íslandi við andlát.

*Hagstofu berast ekki öll vottorð* Upplýsingar þær sem hér eru settar fram byggjast eingöngu á þeim dánarvottorðum sem hafa komið til Hagstofu, en ástæða er til að ætla að dánarvottorð sem varða þennan hóp skili sér ekki öll.

*Dánarstaður ef andlát er á rúmsjó eða í lofti* Samkvæmt íslenskum lögum getur ekki hver sem er úrskurðað manneskju látna. Þetta veldur því að einstaklingur sem deyr um borð í skipi á að vera skráður látinn í þeirri höfn sem komið er með líkið í land, og sá sem deyr um borð í flugvél er skráður látinn á þeim flugvelli þar sem vél lendir eða á þeim spítala þar sem hann er úrskurðaður látinn. Undantekning frá þessari reglu er ef læknir er um borð í skipi eða flugvél þar sem hann hefur heimild til að staðfesta andlátíð.

## English Summary

A total of 129 individuals with a foreign domicile died in Iceland in the years 1999–2008. Almost half of these individuals (50) were tourists. A total of 21 individuals died within national air space or seas of Iceland and the same number of individuals was recorded in the Register of non-residents. Nineteen Icelandic citizens with foreign domicile and 18 others and unknown died in Iceland during the period.

The majority of those who died in Iceland with foreign domicile died of external causes, a total of 58 individuals. The proportion of those who died of external causes was lowest among Icelandic citizens with a foreign domicile but highest among those in the Register of non-residents. Statistics Iceland publishes this information for the first time.

**Tafla 2. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir hópum, dánarorsök og kyni 1999–2008**  
**Table 2. Deaths in Iceland of persons with foreign domicile by groups, causes of death and sex 1999–2008**

	Látinir á utangarðsskrá <i>Deaths in the Register of non- residents in Iceland</i>		Erlendir ferðamenn <i>Foreign visitors</i>		Látinir í loft- eða landhelgi <i>Deaths within national air space or seas</i>		Íslenskt ríkisfang <i>Icelandic citizens with foreign domicile</i>		Aðrir og óþekktir <i>Others and unknown</i>	
	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
	<b>Alls Total</b>	<b>19</b>	<b>2</b>	<b>30</b>	<b>20</b>	<b>18</b>	<b>3</b>	<b>12</b>	<b>7</b>	<b>12</b>
Hjarta- og æðasjúkdómar <i>Diseases of the circulatory system</i>	4	0	10	5	9	1	3	2	1	1
Önnur veikindi <i>Other diseases</i>	1	0	5	4	3	0	8	5	5	4
Slys og aðrar ytri orsakir <i>External causes of injury and poisoning</i>	14	2	15	11	6	2	1	0	6	1

**Hagtidindi Mannfjöldi**  
**Statistical Series Population**

95. árg. • 5. tbl.

ISSN 0019-1078

2010:1

ISSN 1670-4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4487 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Þórunn Guðmundsdóttir • [thorunn.gudmundsdottir@hagstofa.is](mailto:thorunn.gudmundsdottir@hagstofa.is)

Lilja Sigrún Jónsdóttir • [lilja.jonsdottir@hagstofa.is](mailto:lilja.jonsdottir@hagstofa.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)